

**Sp.**

**416. Fyrirspurn**

[227. mál]

til félagsmálaráðherra um ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

Hvers vegna hefur Húsnæðisstofnun ríkisins ekki framkvæmt 2. tl. ákvæða til bráðabirgða í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?

Hvenær mun Húsnæðisstofnun ríkisins gefa þeim einstaklingum, sem fengu nýbyggingarlán á árunum 1974—1979 með hlutfallslegri verðtryggingu, kost á að skipta á skuldabréfum fyrir ný skuldabréf með þeim lánskjörum sem ákveðin eru í lögum nr. 51/1980, um Húsnæðisstofnun ríkisins?